

BEURER undirteppi UB 33 og UB 75
Mikilvægar upplýsingar (*Geymið til seinni tíma nota*)

Hitateppin eru framleidd af BEURER í Þýskalandi, sem hefur um 80 ára reynslu í framleiðslu á hitateppum og hitapúðum. Beurer vörur hafa verið í notkun á Íslandi í yfir 50 ár og reynst frábærlega vel. Með réttri notkun mun hitateppið endast um ókomin ár. Eftirfarandi eru nokkrar ábendingar um meðferð teppisins sem rétt er að hafa í huga.

Lesið notkunarreglur vandlega

- Tengid hitateppið aðeins við uppgefna spennu (230 Volt)
- Stingið ekki nálum eða oddhvössum hlutum í teppið
- Rofi og kló mega ekki komast í snertingu við raka. Ekki nota teppið blautt
- Ekki toga, snúa upp á eða brjóta saman rafmagnssnúruna
- Ekki nota hitateppið á ósjálfbjarga einstaklinga, ungabörn eða þá sem skynja illa hita
- Þessi hitateppi eru ekki ætluð til nota á sjúkrahúsum
- Raf og segulsvið sem koma frá þessu teppi gæti e.t.v. haft áhrif á gangráða. Þessi áhrif eru þó langt fyrir neðan leyfileg mörk; Styrkur rafsviðs; hámark 5000 V/m. styrkur segulsviðs; hámark 80 A/m, þéttleiki segulflæðis; hámark 0,1 millitesla. Hafið samband við lækni eða umboðsaðila gangráðsins, áður en þið notið þetta hitateppi að staðaldri.
- Vinsamlegast veitið athygli leiðbeiningum um hreinsun
- Aftengið hitateppið og komið því í geymslu á þurrum stað þegar það er ekki í notkun
- Hitateppið má aldrei nota samanbrotið, kuðlað eða rakt. Það má ekki fella það undir rúmdýnu og það má heldur ekki næla teppið við rúmdýnu.
- Hindrið að krumpur eða brot myndist í hitateppinu
- Skoðið hitateppið reglulega að utanverðu m.t.t. slits og skemmda. Ef slíkt er tilfellið skal láta fagmann yfirfara það. Viðgerð sem er ranglega útfærð getur orsakað umtalsverða hættu fyrir notandann.
- Ef snúran eða rofinn eru biluð verður að senda hitateppið til umboðsaðilans þar sem nauðsynlegt er að nota sérhæfð verkfæri til viðgerðanna.

Notkun

Breiðið hitateppið á rúmdýnu og látið það ná til enda fótamegin í rúminu. Breiðið síðan lakið yfir á venjulegan hátt þannig að hitateppið sé á milli dýnunnar og laksins. Tryggið að hitateppið liggi ávallt slétt og að það krumpist eða vöðlist ekki við notkun. Vinsamlegast farið yfir þessi atriði í hvert sinn sem búið er um rúmið. Mælt er með því að kveikja á hitateppinu UB-33 u.þ.b. 40 mínútum áður en farið er í rúmið og breiða sængina varlega yfir teppið á meðan til að tapa sem minnstum hita. Hitateppið UB-75 er með hraðhita og því er nóg að kveikja á því u.þ.b. 15 mínútum áður en farið er í rúmið.

Hitastilling

Fljótlegast er að hita teppið UB-33 með því að stilla rofann í byrjun á hæstu stillingu (3) og lækka síðan á 1-2 eftir óskum hvers og eins. Við ráðleggjum að stilla ekki hærra en á 1 ef nota á teppið yfir nótt. Hitateppið UB-75 er með 6 þrepa stillingu frá 1 og upp í 6. Fljótlegast er að hita teppið á stillingu 6, en færa síðan niður á stillingar 1-3 ef nota á teppið yfir nótt.

Stillingar á rofa

Tegund UB-33		Tegund UB-75	
Stilling	0	Stilling	0
	1		6
	2		1-6
	3		1

Hitateppið UB-75 er hægt að stilla þannig að það slökkvi sjálfkrafa á sér eftir 2, 6, 9 eða 12 klukkutíma en það er stillt með hinum rennslirofanum. Þegar valinn tími er búinn, þá blikkar rofinn á teppinu. Til að kveikja aftur á teppinu verður fyrst að slökkva á því með því að færa rofann á "0" í 5 sekúndur og síðan að stilla teppið aftur á valið hitastig. Ef ekki á að nota teppið áfram ætti ávallt að slökkva á því eða taka það úr sambandi.

Hreinsun og meðferð – teppi UB-33

Takið teppið ávallt úr sambandi við rafmagn áður en það er hreinsað. Hægt er að fjarlægja minniháttar bletti með tusku eða rökum svampi og má þá nota smávegis af mildum sápulegi. Vinsamlegast athugið að ekki má hraðhreinsa hitateppin. Ef um meiriháttar bletti er að ræða má handþvo hitateppið varlega í 30° volgu vatni og nota þá mildan fljótandi sápulög. Gott er þá að skola teppið undir sturtu eða í baðkeri. **Munið að hitateppið er rafmagnstæki og því má rofinn aldrei koma í snertingu við raka.** Til að auðvelda þvottinn er best að brjóta teppið saman í viðráðanlega stærð – stinga því ofan í vatnið með þvottaleginum og kreista vatnið síðan úr teppinu með flötum lófunum. Við skolun er best að nota sömu aðferð og stinga því nokkrum sinnum ofan í hreint vatn eða skola það undir sturtu. Alls ekki má vinda teppið á eftir, setja það í þeytivindu eða þurrkara og **alls ekki má setja teppið í samband til að þurrka það.** Til að þurrka það er best að hengja það á snúru og ekki festa það með þvottaklemmum. Ekki má nota það fyrr en það er orðið alveg þurrt á ný.

Hreinsun og meðferð – teppi UB-75

Takið teppið ávallt úr sambandi við rafmagn áður en það er hreinsað. Hægt er að fjarlægja minniháttar bletti með tusku eða rökum svampi og má þá nota smávegis af mildum sápulegi. Vinsamlegast athugið að ekki má hraðhreinsa hitateppin.

Ef um meiriháttar bletti er að ræða má þvo hitateppið varlega í þvottavél og þá á þvottakerfi fyrir ca. 30° hita og eingöngu með lágmarksvinduhraða og gætið þess að ekki má setja teppið í þurrkara á eftir. **Munið að hitateppið er rafmagnstæki og því má rofinn aldrei koma í snertingu við raka.** Áður en teppið er þvegið er snúran tekin úr sambandi við tengilinn í teppinu sjálfu. Togið snúrutengilinn úr tenglinum sem er í teppinu. Tengid snúruna ekki aftur við teppið fyrr en það er orðið algjörlega þurrt á ný. Til að þurrka það er best að hengja það yfir nokkrar snúrur eða slá og ekki festa það með þvottaklemmum. Ekki má nota það fyrr en það er orðið alveg þurrt á ný og **alls ekki má setja teppið í samband við rafmagn til að þurrka það.** Þegar teppið er sett í þvottavél er best að brjóta það fyrst einu sinni langsum og síðan oft þversum og setja það þannig inn í þvottavélina. Ekki má vinda teppið í höndunum eftir þvott og ekki á að strauja það.

Til að verja hitateppin er hægt að fá hvít baðmullarver frá Beurer (stærð 80x150 cm nr. 160.100). Einnig eru fánleg rakapólin ver (stærð 80x150 cm nr. 160.101)

Ábyrgð og þjónusta

Vinsamlegast athugið að öll viðgerða og ábyrgðapjónusta er hjá umboðsaðilanum;

PFAFF hf
Grensásvegi 13
108 Reykjavík
s: 414-0451
www.pfaff.is